

8533.2900	8535.9001	8538.9000	8542.8000
8533.3100	8535.9009	8541.1000	8542.9000
8533.3900	8536.1000	8541.2100	8544.1100
8533.4000	8536.2000	8541.2900	8544.1900
8533.9000	8536.3000	8541.3000	8544.2000
8534.0000	8536.4100	8541.4000	8544.3000
8535.1000	8536.4900	8541.5000	8544.4100
8535.2100	8536.5000	8541.6000	8544.4900
8535.2900	8536.6100	8541.9000	8544.5100
8535.3000	8536.6900	8542.1100	8544.5900
8535.4000	8536.9000	8542.1900	8544.6000
	8538.1000	8542.2000	9602.0001

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis.

1. gr.

Upphafsákvæði.

Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna á byggingarstað.

Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 7% af fasteignamati íbúðarinnar sbr. 3. og 4. mgr. 5. gr.

2. gr.

Vinna sem endurgreiðslan tekur til.

Endurgreiðsla skv. 1. gr. tekur til allrar vinnu manna sem unnin er á byggingarstað íbúðarhúsnæðis sbr. þó 2. mgr.

Endurgreiðslan nær ekki til virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu stjórnenda vinnuvéla, af vinnu sem unnin er á verkstæði eða af hvers konar sérfræðipjónustu s.s. þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta. Þegar settar eru upp vélar á byggingarstað til aðvinnslu á vöru eða efni til íbúðarbyggingar sem að jafnaði er unnið á verkstæði eða í verksmiðju skal skattur af þeirri vinnu ekki endurgreiddur. Endurgreiðslan nær ekki til vinnu við byggingu orlofshúsa.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal endurgreiða hluta virðisaukaskatts, í söluverði verksmiðjuframliddra íbúðarhúsa sem hér segir:

- Sé verksmiðjuframléitt hús afhent fullgert: 7,75% af söluverði að meðtöldum virðisaukaskatti.
- Sé verksmiðjuframléitt hús afhent tilbúið undir málningu og innréttingu: 8,75% af söluverði að meðtöldum virðisaukaskatti.
- Sé verksmiðjuframléitt hús afhent fókelt: 6,25% af söluverði að meðtöldum virðisaukaskatti.

3. gr.

Aðilar sem fá endurgreiðslu.

Hver sá sem byggir á eigin lóð eða leigulóð íbúðarhúsnæði á eigin kostnað skal fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem hann hefur greitt vegna vinnu manna á byggingarstað sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr.

Við eigendaskipti á íbúð í byggingu skal réttur til endurgreiðslu virðisaukaskatts alltaf vera bundinn við þann byggingaraðilann sem telst greiðandi þess reiknings, sem endurgreiðslan miðast við. Honum ber jafnframt skylda til að telja greiðsluna fram á launamiða til skattyfirvalda og til byggingarkostnaðar á húsbyggingarskýrslu sem fylgja skal framtali hans. Skiptir ekki máli hvort vinnan er innt af hendi fyrir eða eftir gerð kaupsamnings.

Samvinnufélög sem byggja íbúðir fyrir félagsaðila sína og sjá alfarið um byggingarbókhaldið telst húsbyggjandi í þessu sambandi. Félagsaðilar fá þó endurgreiddan virðisaukaskatt vegna sérkostnaðar sem þeir hafa sjálfir staðið fyrir og greitt beint vegna íbúðarinnar.

Þegar tveir eða fleiri aðilar eru með sameiginlegan byggingarkostnað og gefinn er út sameiginlegur reikningur fyrir verkið skulu þeir leggja fram sameiginlega greinargerð fyrir þessum kostnaði, sem fylgja skal þeirra eigin greinargerð.

Hver sá sem framkvæmir endurbætur á íbúðarhúsi sínu sbr. 2. mgr. 1. gr. skal fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem hann hefur greitt vegna vinnu manna á byggingarstað sbr. 2. gr. Með endurbótum er átt við þegar íbúðarhúsnæði er tekið til gagnrýndar breytingar vegna þess að húsnæðið hefur gengið úr sér með árunum, það stækkað eða breytt frá upphaflegu ástandi. Virðisaukaskattur vegna vinnu við viðhald húsnæðisins þ.e. að halda því við í svipuðu ástandi og það var í þegar aðili eignaðist það, hvort sem það var þá gamalt eða nýtt verður ekki endurgreiddur.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgreiða virðisaukaskatt vegna verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa til þeirra sem framleiða íbúðarhús í verksmiðjum sbr. 3. mgr. 2. gr. en ekki til lóðarhafa.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðni.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu skv. 1.-5. mgr. 3. gr. skulu senda skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili, greinargerð í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður um greidda vinnureikninga á viðkomandi uppgjörstímabili.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu skv. 6. mgr. 3. gr. skulu senda skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili, greinargerð í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Endurgreiðslan fellur til á því uppgjörstímabili sem verksmiðjuframleitt íbúðarhús er afhent. Fari innborgun fram fyrir afhendingu skal þó miða endurgreiðslu við það uppgjörstímabil sem innborgunin fer fram í.

5. gr.

Uppgjörstímabil.

Hvert uppgjörstímabil vegna nýbygginga er tveir mánuðir: janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Uppgjörstímabil vegna endurbóta skal aldrei vera skemmra en almanaksárið.

Greinargerð vegna nýbygginga skal berast skattstjóra fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að uppgjörstímabili lýkur. Með greinargerð fyrir síðasta tímabil almanaksársins skulu fylgja útfylltir launamiðar vegna greiddra launa og verktakagreiðslna á árinu ásamt húsbyggingarskýrslu.

Greinargerð vegna endurbóta, sem falla til innan eins almanaksárs, skal berast skattstjóra eigi síðar en 15. janúar árið eftir, enda nemi heildarkostnaður endurbóta 7% af fasteignamati eins og það er í upphafi þess árs, sem endurbæturnar taka til.

Greinargerð um endurbætur, sem ná yfir meira en eitt almanaksár, skal berast eigi síðar en 15. janúar árið eftir að heildarkostnaður endurbótanna nær samtals 7% af meðalfasteignamati viðkomandi ára.

Með greinargerðinni skv. 3. og 4. mgr. skulu fylgja launamiðar vegna greiddra launa og verktakagreiðslna fyrir viðkomandi ár ásamt sérstakri greinargerð í því formi er ríkisskattstjóri ákveður um heildarkostnað endurbóta.

6. gr.

Afgreiðsla endurgreiðslubeiðni.

Skattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafið aðila um framlagningu reikninga og annarra gagna, s.s. kaupsamning, lóðasamninga o.þ.h. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

Hafi beiðni um endurgreiðslu skv. 1. mgr. verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram á næsta gjalddaga virðisaukaskatts eftir lokaskiladag. Frestur þessi framlengist þó ef skattstjóri getur vegna aðstæðna aðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með greinargerðum næsta uppgjörstímabils.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Um dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu fer skv. 28. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og reiknast frá þeim degi er ofgreiðsla átti sér stað.

7. gr.

Verðtrygging endurgreiðslu.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts skal verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu.

Endurgreiðslufjárhæðinni vegna nýbygginga skal breytt til samræmis við þann mismun, sem verður á þeirri lánskjaravísitölu, sem í gildi er í endurgreiðslumánuði og einföldu meðaltali vísitölnnar í mánuðum uppgjörstímabilsins sbr. 1. ml. 2. mgr. 6. gr.

Endurgreiðslufjárhæðinni vegna endurbóta skal breytt til samræmis við þann mismun, sem verður á þeirri lánskjaravísitölu, sem í gildi er í endurgreiðslumánuði og meðallánskjaravísitölu ársins/áranna sem endurbæturnar taka til.

Endurgreiðslufjárhæð samkvæmt beiðni, sem borist hefur eftir lok skilafrests sbr. 3. ml. 2. mgr. 6. gr., skal taka sömu hlutfallslegri breytingu og hún hefði tekið ef skil hefðu borist á réttum tíma óháð því hvenær endurgreiðslan er ákvörðuð.

8. gr.

Reikningar og varðveisla gagna.

Krafa um endurgreiðslu sbr. 4. gr. skal byggjast á fullnægjandi sölureikningum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 501/1989. Koma skal skýrt fram á reikningi hver vinnuþáttur er ef um er að ræða sölu á vinnu og efni. Sömuleiðis skal koma fram að vinnan sé unnin á byggingarstað.

9. gr.

Viðurlagaákvæði.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti skv. ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.